

STEFANÍA ADOLFSÓTTIR

Heldur upp á könnu sem hefur fylgt ættinni

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÓLAFUR ÓLAFSSON

Safnar fyrir Moskvuferð

Mamma Jóhönnu í Eurovison-föruneitinu.
FÓLK 22



MAGNÚS SCHEVING

Útvarpsmaður BBC hrifinn af Latabæ

Colgate hefur áhuga á samstarfi
FÓLK 22



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. mars 2009 – 77. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Tónleikaferðalag um Evrópu

Benni Hemm
Hemm tekur
heimsálfuna með
Skotum.

FÓLK 16



Sveitapiltsins draumur í Liverpool

Pilgrimsferð Hljóma og FTT frumsýnd hjá RÚV fyrir páska.

FÓLK 22



Eitthvað fyrir alla

Hlusta.is er fyrsta vefsíðan sem veitir aðgang að íslenskum hljóðbókum.

TÍMAMÓT 12


Haukahelgi

Haukar urðu deildar-meistarar í N1-deildum karla og kvenna um helgina.

ÍPRÓTTIR 18



VEÐRIÐ Í DAG



VINDASAMT í dag verða norðan og norðvestan 10-18 m/s en 18-23 m/s við norður- og austurströndina. Talsverð ofankoma norðan til einkum NA-lands en þurr og bjart syðra. Frost 0-7 stig víðast hvar.

VEÐUR 4

Engum dyrum verið lokað í Evrópumálum

Formaður Samfylkingarinnar vill að Sjálfstæðisflokkurinn standi áfram utan ríkisstjórnar. Formaður VG fagnar yfirlýsingunni og telur að stjórnarflokkarnir geti fundið flöt á Evrópumálunum. Engum dyrum hafi verið lokað í þeim efnum.

STJÓRN MÁL Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, talaði fyrir áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarfi við Vinstri hreyfinguna - grænt framboð þegar hún á landsfundi flokks síns í gær sagði best fyrir íslenskt samfélag að Sjálfstæðisflokkurinn yrði áfram í stjórnarandstöðu.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, fagnar þessari yfirlýsingu Jóhönnu. „Þetta er mjög í þeim anda sem var á okkar landsfundi þó ekki sé það jafn fortakslaust í ályktun. En ég efast ekkert um að þetta er einlægur vilji Jóhönnu.“ Steingrímur segir yfirlýsinguuna auðvelda kjósendum

valið í kosningunum í apríl og hans mat sé að það sé gott að stjórnmál-in þróist í átt til skýrari valkosta. Það sé þroskamerki að línurnar séu nú skýrari en oftast áður.

Samfylkingin vill sem fyrst hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið og leggja að þeim loknum samningsniðurstöðu fyrir þjóðaratkvæði. Í vikugamalli stefnuyfirlýsingu VG segir að afstaða flokksins sé að hagsmunum Íslendinga sé best borgið utan ESB. Þó er kveðið á um að „stórakvarðanir á borð við aðild að ESB“ eigi að útkljá með þjóðaratkvæðagreiðslu að undan-genginni upplýstri og lýðræðis-legri umræðu.

Steingrímur segir hvern flokk álykta út frá sínum forsendum. „En ég lít ekki svo á að það sé búið að loka neinum dyrum um samstarf eða meðferð þessa máls. Einnhvern veginn verður stjórnmálalíf-ið í landinu að geta farið með þetta stóra mál á vandaðan, uppbyggilegan og lýðræðislegan hátt.“

Spurður hvort VG hafi ekki lokað dyrunum með sinni ályktun, svarar Steingrímur því til að hún gildi fyrir flokkinn sem á sama tíma lýsi yfir eindregnum vilja til áframhaldandi samstarfs við Samfylkinguna. „Við hljótum að meta það svo að það finnst fletir á þessu.“

- bps / sjá síðu 6



NÝR FORMAÐUR „Ég er eins og skyr, ég er mjög hræður,“ sagði Bjarni Benediktsson þegar hann sló á léttu strengi eftir að hann hafði verið kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins í gær. Sjá síðu 8

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Nokkrir af stærstu lífeyrissjóðunum skerða réttindi vegna taps á fjárfestingum:

Lækka lífeyri um tíu prósent

LÍFEYRIR Nokkrir lífeyrissjóðir munu að öllum líkindum skerða réttindi í vor, vegna slæmrar stöðu í kjölfar bankahrunsins. Þeir eru Gildi, Samein- aði lífeyrissjóðurinn, Almenni lífeyrissjóðurinn, Stafir, Lífeyrissjóður Vestfirðinga og Festa. Almennt munu þeir skerða réttindin um tíu prósent.

Flestir lífeyrissjóðir skerða ekki réttindi. Að mati Hrafn Magnússonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða, mun meðalskerðing lífeyrisréttinda nema um fimm prósentum.

Um síðustu áramót tóku gildi tímabundnar

breytingar á lífeyrissjóðalögum. Þær fólu í sér að ekki væri nauðsynlegt að skerða réttindi við neikvæða tryggingafræðilega stöðu ef hún væri innan við fimmtán prósent. Áður var viðmiðið tíu prósent. Tryggingafræðilega staða segir til um getu lífeyrissjóða til að standa við lífeyrisskuld-bindingar í framtíðinni.

Nokkrir sjóðir, sem höfðu stöðu innan við fimmtán prósent á mörkin, tóku ákvörðun um að skerða réttindi engu að síður. Hrafn segir þá ákvörðun eðlilega. Betra hafi verið að gripa strax til ráðstafana í stað þess að bíða.

- hhs



EL SALVADOR Tvívökvavirkjun sem nýtir affallsvatn frá öðrum virkjunum.

Dótturfélag Geysir Green: Íslenskt orkuver rís í El Salvador

ORKUMÁL Fyrsta íslenska jarðvarmaorkuverið erlendis hefur verið gangsett í El Salvador. Um er að ræða 9,3 megavatta lághita- virkjun sem hönnuð og reist var af íslenska jarðhitafyrirtækinu Enex. Samningurinn um orkuver- ið var upp á rúmlega 13 milljónir bandaríkjadala eða um 1,6 milljarða íslenskra króna.

Virkjunin er staðsett á Berlin jarðhitasvæðinu þar sem fyrir eru tvær hefðbundnar jarðgufu- virkjanir. Geysir Green Energy á 96 prósent hlut í Enex. „Þetta er merkur áfangi fyrir íslenska jarðhitabekkingu, sem sýnir með óyggjandi hætti að útflutningur íslenskrar jarðhitabekkingar á rétt á sér,“ er haft eftir Þóri Gíslasyni, framkvæmdastjóra Enex, í tilkynningu frá fyrirtækinu. - gar

Slys á Filabeinsströndinni: Nítján létust á knattspyrnuleik

FÍLABEINSSTRÖNDIN Nítján áhorfendur létu lífið í troðningi í undanfara leiks í undankeppni HM í knattspyrnu á Filabeinsströndinni í gærkvöldi. Knattspyrnu- firvöld þar í landi segja að atvikið hafi átt sér stað þegar þúsundir áhorfenda reyndu að komast inn á Houphouet-Boigny völinn í Abidjan, stærstu borg landsins.

Á fréttavef BBC kemur fram að 36.000 áhorfendur hafi mætt á leikinn. Veggur inni í vallarbygg- ingunni hafi hrunið og við það hafi áhorfendur fyllst skelfing.

Knattspyrnufirvöld ákváðu að leikurinn færi fram þrátt fyrir atvikið. - kg

13 DAGAR TIL PÁSKA

NOI SIRIUS

Kafbátur mánaðarins

SUBWAY 349 kr.

TENGI

Páskatilboð
Hefjast í dag

Skoðið tilboð okkar á
www.tengi.is

Smíðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050



Hermann, er uppi á ykkur typpið þessa dagana?

„Við erum allavega mjög brött.“

Hermann Ingi Gunnarsson, nemandi í viðskiptaáfangi á Verkefnaskólunum á Akureyri, og sjö samnemendur hans hafa hannað klósettsetumpara sem á að koma í veg fyrir að litlir drengir missi niður klósettsetuna þegar þeir eru að læra að pissa í klósett.

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um kosningar til stjórnlagabings í haust:

Meirihluti vill stjórnlagabing

SKOÐANAKÖNNUN 60,8 prósent segjast telja að kjósa eigi til stjórnlagabings í haust. 39,2 prósent eru því mótfallin. Stuðningur við stjórnlagabing er meiri meðal kvenna en karla. 68,1 prósent kvenna er fylgjandi kosningum til stjórnlagabings, en 54,6 prósent karla. Þá er aðeins munur á afstöðu eftir búsetu, en íbúar á landsbyggðinni eru heldur hlynntari stjórnlagabingi en íbúar höfuðborgarsvæðisins.


Nokkur munur er á afstöðu eftir stuðningi við stjórnmalaflokka. Mestur er stuðningur kjósenda Vinstri grænna, en 74,4 prósent þeirra eru fylgjandi kosningum

til stjórnlagabings í vor. 70,4 prósent kjósenda Framsóknarflokks styðja slíkar kosningar og 66,7 prósent kjósenda Samfylkingar. Af þeim sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmalaflokk segjast 63,0 prósent styðja kosningar til stjórnlagabings í haust. Minnstur var stuðningurinn meðal sjálfstæðismanna, 33,0 prósent.

Hringt var í 800 manns, miðvikudaginn 25. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Telur þú að kjósa eigi til stjórnlagabings í haust? 76,6 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Á að kjósa til stjórnlagabings í haust?

Nei 39,2%



Já 60,8%

- 55 Skv. könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.25.3 '09

Hneykslismál í Bretlandi:

Klámreikningur gæti fellt Smith

STJÓRNMÁL Richard Timney, eiginmaður innanríkisráðherra Bretlands, Jacqui Smith, hefur bedist afsökunar á því að hafa valdið konu sinni vandræðum. Komið hefur í ljós að innanríkisráðuneytið greiddi fyrir tvær klámmyndir sem Timney leigði í gegnum leiguras í sjónvarpinu.

Innanríkisráðherra segist fyrir mistök hafa rukkað ráðuneytið fyrir sjónvarpsnotkun heimilisins. „Ég get vel skilið að fólk sé reitt yfir þessu,“ sagði Timney. „Við munum borga þetta sjálf.“

Ferill Smith hangir nú á bláþræði og talið er líklegt að hún verði færð til í starf.

- fb

LSR birtir ársuppgjöri:

30 milljarða rýrnun eigna

LÍFEYRIR Hreinar eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) lækkuðu um þrjátíu milljarða milli ára, samkvæmt ársuppgjöri sjóðsins sem birt var á laugardag. Hrein eign lífeyrissjóðsins í árslok 2008 nam 287 milljörðum. Í árslok árið 2007 nam hún 317 milljörðum.

Raunávöxtun sjóðsins var neikvæð um 25 prósent.

Sjóðurinn er með ríkisábyrgð og eru réttindi sjóðsfélaga hans því varin.

- hhs



KAP VE-4 Vel gekk að draga nótina í höfninni í gær. MYND/ÓSKAR PÉTUR FRÍDRÍKSSON

Síld í Vestmannaeyjum:

Hreinsun hafin á ný í höfninni

VESTMANNAEYJAR Síldveiði hófst að nýju í höfninni í Vestmannaeyjum í gær til að hreinsa höfnina. Samkvæmt rannsókn Hafrannsóknastofnunar eru allt að 90 prósent af síldinni sykt.

Sjávar- og landbúnaðarráðherra lét stöðva veiðarnar í síðustu viku út frá verndunarsjónarmiðum. Eftir mótmæli Elliða Vignissonar, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, ákvað ráðherra að láta rannsaka höfnina.

Nokkuð margmenni var mætt á höfnina til að fylgjast með Nóta- og togveiðiskipinu Kap VE-4 við veiðarnar í gær.

- kg



KANNABISHÚS Í ÚLFARSÁRDAL Gríðarlega öflugar plöntur voru í þessu parhúsi í Grafarvogi sem útbúið var sem kannabisverksmiðja.

Hafa upprætt 5.000 kannabisplöntur í ár

Lögregla hefur lagt hald á um fimm þúsund kannabisplöntur að undanfögnu. Söluvirði efna úr þessum plöntum er hundruð milljóna króna. Þrír menn sem handteknir voru í Úlfarsárdal í fyrrkvöld tengjast einnig ræktun í Hafnarfirði.

LÖGREGLUMÁL Frá því um áramót hefur lögreglan lagt hald á um fimm þúsund kannabisplöntur víða um höfuðborgarsvæðið.

Flett var ofan af nýjustu kannabisverksmiðjunni í langri röð slíkra á laugardagskvöld.

Var þar um að ræða framleiðslu í kjallara fohelds parhúsi í Grafarvogi. Brotinn hafði verið veggur á milli íbúðanna tveggja og kjallararnir sameinaðir í stórfelldri kannabisræktun þar sem um 200 stórar plöntur voru í miklum blóma. Þrír menn sem færðir voru til yfirheyrslu munu tengjast annarri kannabisverksmiðju sem uppgötvaðist í Hafnarfirði fyrir nokkrum dögum. Einn eigenda parhússins, 29 ára karlmaður, hefur meðal annars unnið við garðyrkju.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar,

segir að á þessu stigi sé erfitt að meta hversu mikið af tilbúinni söluvirðu hefði verið mögulegt að framleiða úr þessum mikla fjölda plantna sem upprættar hafa verið á árinu.

„Það eina sem hægt er að segja er að úr þessu væri hægt að vinna magn sem hleypur á hundruðum kílóa,“ segir Karl Steinar.

Á vef SÁÁ er reglulega birt yfirlit yfir götuverð á algengum tegundum fíkniefna. Verðskráin er byggð á upplýsingum frá sjúklingum sem sækja sér meðferð á Vogu.

Samkvæmt henni er eitt gramm af marjúúana sem framleitt er úr kannabisplöntunum nú selt á um 3.400 krónur. Sem dæmi má nefna að hafi verið unnt að framleiða 300 kíló af marjúúana úr plöntunum fimm þúsund yrði markaðsvirði þess efnis um einn milljarður króna.

gar@frettabladid.is

HALDLAGÐAR KANNABIS-PLÖNTUR 2009

Dags	Staður	Fjöldi plantna
28. mars	Úlfarsárdalur	200
27. mars	Hafnarfjörður	300
26. mars	Reykjavík	200
24. mars	Hafnarfjörður	600
22. mars	Reykjavík	50
19. mars	Kjalarnes	1.000
18. mars	Kjalarnes	621
16. mars	Kópavogur	300
13. mars	Garðabær	100
11. mars	Reykjavík	400
4. mars	Kópavogur	50
17. febrúar	Reykjavík	15
17. febrúar	Hafnarfjörður	vantar
6. febrúar	Reykjavík	200
5. febrúar	Reykjavík	140
Janúar	Álfarnes/Reykjavík	590
Alls	Höfuðborgarsv.	4976

Heimild: Fréttasafn lögreglunnar.

Vetrarríki á landinu:

Bylur og ófærð á Vestfjörðum

VEÐUR Talsvert snjóaði á landinu um helgina. Á Vestfjörðum voru samgöngur á landi í lamassesi vegna ófærðar á þjóðvegum. Gekk á með byl og skafrenningi. Lentu margir í ógöngum í Ísafjarðardjúpi og þurftu að aðstoð að halda.

Í gærkvöldi var samkvæmt vef Vegagerðarinnar ófært alveg frá Súðavík og suður í Steingrímsfjörð. Vond akstursskiyrði voru einnig á Suðurfjörðunum og á Barðaströnd. Á Ströndum voru vegir ýmist ófærir eða illfærir. Vel var fylgst með snjóflóðahættu enda staðan í þeim efnunum metin sem óviss.

- gar



HAMID KARZAI Forseti Afganistans fær að sitja í embætti þangað til næsti forseti verður kjörinn.

Hæstiréttur í Afganistan:

Hamid Karzai áfram við völd

STJÓRNMÁL Hæstiréttur í Afganistan hefur úrskurðað að Hamid Karzai, forseti landsins, megi halda áfram í embætti sínu þangað til nýr forseti verði kosinn síðar á þessu ári.

Samkvæmt stjórnarskrá landsins ætti embættistíð hans að ljúka 21. maí næstkomandi. Engu að síður taldi hæstirétturinn að það væri almenningi í Afganistan í hag ef hann yrði í embætti þangað til næsti forseti tæki við. Kosningar í landinu eru fyrirhugaðar í næsta mánuði en svo gæti þó farið að þeim verði frestað þar til í ágúst.

- fb

Steingrímur J. segir afneitun og úrræðaleysi einkenna fund Sjálfstæðisflokksins:

Orð Davíðs dæma sig sjálf

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir niðrandi ummæli Davíðs Oddssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra, um Svein Harald Öygard seðlabankastjóra dæma sig sjálf.

Davíð sagði Svein Harald annað hvort lygara eða haldinn Alzheimer sjúkdómnum. Steingrímur telur þau orð, og önnur í ræðu Davíðs á landsfundi Sjálfstæðisflokksins á laugardag, hvorki skaða Svein Harald né Seðlabankann. „Nei, þetta eru ummæli sem dæma sig svo gjörsamlega sjálf.“

Steingrímur kveðst ekki ætla að tjá sig efnislega um ræðu Davíðs sem hann lagði á sig að horfa á á netinu. „En mér fannst merkileg upplifun að heyrja klappað í hálf tíma fyrir þessum málflutningi. Framsetning mála var af því tagi að mér fundust brandararnir ekki fyndnir,“ segir Steingrímur.

Spurður um mat sitt á landsfundi sjálfstæðismanna almennt segir Steingrímur afneitun og úrræðaleysi hafa einkennt hann. „Það er dapurlegt að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að flýja frá veruleikanum, leggja í hræðsluáróður og draga upp skattahækanagrýlu án þess að svara hvernig hann



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, DAVÍÐ ODDSSON, SVEIN HARALD ÖYGD

hyggst takast á við fjárlagahallann sem er hans arfleifð. Þá er nú stórmannlegra að viðurkenna viðskilnaðinn.“

Steingrímur óskar Bjarna Benediktssyni til hamingju með formannskjörið og kveðst vænta góðs af honum enda hafi þeir átt ágætt samstarf í þinginu.

- bps

Veldu virkni
– veldu LGG+

Lækkað verð

Fitusnaðasta jóгурtin á markaðnum

Hringdu í
Fyrirtækjaráðgjöf
800 4000
og við kynnum
þér kostina

Ekkert rugl á fyrirtækjanetinu

Netvörður Símans hjálpar þér að stjórna netnotkun í fyrirtækinu:

- Útilokar óæskilegt efni
- Yfirsýn yfir erlent niðurhal
- Fullkomin stjórn á netumferð fyrirtækisins
- Vörn gegn tölvuþrjótum og upplýsingaþjófnaði
- Aukinn sparnaður og hagræði
- Aðgengilegar skýrslur um netnotkun í fyrirtækinu

800 4000 • siminn.is

Það er Síminn 



Sími



Netið



Vist



Netvörðurinn

Öryggi og sparnaður fyrir fyrirtæki



Minna niðurhal



Meiri afköst



Fullkomin vörn

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	119,35	119,91
Sterlingspund	170,75	171,59
Evra	160,07	160,97
Dönsk króna	21,486	21,612
Norsk króna	18,180	18,288
Sænsk króna	14,758	14,844
Japanskt jen	1,2160	1,2232
<hr/>		
SDR	178,78	179,84

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
194,9157
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bjarni Benediktsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kjörin til forystustarfa:

Tæp 60 prósent kusu Bjarna

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson alþingismaður var í gær kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann hlaut 990 atkvæði, 58,1 prósent, en Kristján Þór Júlíusson alþingismaður fékk 688 atkvæði, 40,4 prósent.

Bjarni tekur við embættinu af Geir H. Haarde sem kjörinn var formaður 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var endurkjörin varaformaður flokksins. Hlaut hún rúmlega 80 prósent atkvæða.

Bjarni er níundi formaður Sjálfstæðisflokksins sem stofnaður var 1929. Kjörð í gær var hið fyrsta síðan sjálfstæðismenn kusu á milli Davíðs Oddssonar og Þorsteins Pálssonar 1991.

Bjarni er fæddur 1970, hann er lögfræðingur að mennt og starfaði sem lögmaður áður en hann var kjörinn á þing 2003. Flest atkvæði í kjöri til miðstjórnar hlutu Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, Ásthildur Sturludóttir kynningar-



FORYSTAN Bjarni Benediktsson var kjörinn formaður og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir endurkjörin varaformaður á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

stjóri, Eyþór Arnalds framkvæmdastjóri, Elínbjörg Magnúsdóttir fiskverkakona og Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri flokksins. - bps

Umsvifamiklir tölvuþrjotar: Kínverjar neita allri aðild

GLEIPIR Hópur tölvuþrjóta hefur brotist inn í tölvur stjórnvalda víða um heim og stolið þaðan viðkvæmum upplýsingum. Flestir meðlimir hópsins búa í Kína. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá kanadískri upplýsingastofnun sem hefur eftirlit með hernaði.

Alls hakkaði hópurinn sig inn í tæplega 1.300 tölvur í 103 löndum. Á meðal þeirra eru tölvur í eigu utanríkisráðuneyta og sendiráða og tölvur sem tengjast tibetska friðarleiðtoganum Dalai Lama. Engar sannanir eru fyrir því að kínversk stjórnvöld séu á bak við njósnirnar og hafa þau neitað aðild að málinu. - fb



DISCOVERY Geimferjan er komin aftur til jarðar eftir þrettán daga ferðalag.

Discovery komin til jarðar: Vel heppnuð geimferð

GEIMFERÐIR Geimferjan Discovery er komin aftur til jarðar eftir vel heppnaðan þrettán daga leiðangur til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar. Ferjan lenti á Kennedy-geimferðamiðstöðinni í Flórída nokkrum klukkustundum eftir áætlan, en heimferðinni hafði verið frestað lítillega vegna slæms veðurs.

Sjö meðlimir Discovery fóru í leiðangurinn sem tengdist eflingu sólarorkunnar sem geimstöðin notast við. Einn geimfari, Sandra Magnús, sem hafði verið í stöðinni í fjóra mánuði var á meðal þeirra sem sneru aftur til jarðar.

Á sama tíma og geimferjan kom til jarðar lenti rússneskt geimfar með bandarískan milljarðamæring á Alþjóðlegu geimstöðinni. Hann heitir Charles Simonyi og var í sinni annarri geimferð. - fb

LEIÐRÉTTING

Ljósmyndarinn sem tók mynd af Noordin Alazawi í blaðinu á laugar-dag heitir Steinþór G. Hafsteinsson.

Atvinnulausir fá ekki bætur í námi

Peir sem hafa greitt í atvinnuleysistryggingasjóð fá ekki atvinnuleysisbætur ætli þeir að nota tíma sinn í fullt nám meðan á atvinnuleysinu stendur. Nemar hafa 100 þúsund á mánuði en atvinnulausir 150 þúsund. Útlánareglur í skoðun.

VINNUMARKAÐUR Atvinnulausir eiga engan rétt til atvinnuleysisbóta meðan þeir eru í fullu námi þar sem reglur Vinnuálastofnunar kveða á um að fólk á atvinnuleysisbótum verði að vera virkt í atvinnuleit. Ef þeir eru í fullu námi teljast þeir ekki virkir í atvinnuleit. Atvinnulausir verða því að sækja um námslán ætli þeir að vera í fullu námi. Atvinnulausir geta hins vegar tekið eitt til tvö námskeið meðan þeir eru á bótum og eru þá virkir í atvinnuleit.

Atvinnulausir sem fara í fullt nám geta sótt um námslán hjá LÍN fyrir næsta vetur. Lægstu atvinnuleysisbætur eru tæplega 150 þúsund krónur á mánuði en námslán eru 100 þúsund krónur fyrir einstakling. Framfærsla námsmanna er svo lág þar sem gert er ráð fyrir því að þeir vinni fjóra mánuði á ári. Tekjurnar koma aðeins til fimm prósentna skerðingar.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Fyrirsjáanlegt er að margir námsmenn eiga á hættu að vera atvinnulausir í sumar og geta því ekki unnið til framfærslu með námsláni. Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, segir að verið sé að endurskoða reglurnar. Tekjumörkin vegna greiðslu fastrar afborgunar hafi þegar verið hækkuð úr 2,1 milljón í fjórar milljónir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Útlánareglurnar



EKKI Á BÓTUM Búast má við að margir atvinnulausir fari í nám í haust. Peir geta ekki stundað fullt nám á bótum. Samkvæmt reglunum er sá sem stundar fullt nám ekki virkur í atvinnuleit og því getur hann ekki verið á atvinnuleysisbótum. Hann verður að sækja um námslán. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

séu til endurskoðunar í ljósi þess að rýmka möguleika til náms en það myndi kosta LÍN minnst 155 milljónir að hækka grunnframfærslu í 150 þúsund.

„Fleiri ætla sér í nám og tekju-möguleikarnir eru líka minni en áður. Margir námsmenn fá sjálf-sagt ekki vinnu í sumar,“ segir hún. „Þetta er allt til skoðunar og við stefnum að því að klára það í apríl,“ segir hún og telur möguleika til að fá viðbótarfjárframlag frá ríkinu ekki mikla. Guðrún segir að framfærslugrunnurinn sé meðal þess sem sé til skoðunar.

Fyrirsjáanlegt er fleiri munu sækja um námslán. Aukin eftir-

spurn verður eftir sumarnámi. Þá telur Guðrún að fleiri fari í nám, grunnháskólanám og sömuleiðis framhaldsnám. „Það er verið að fara í gegnum allt þetta og átta sig á því hvað er raunhæft að gera en að lokum stendur það og fellur með pólitíkinni,“ segir hún.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að kannað sé hvort hægt sé að hækka framfærslugrunninn hjá LÍN. Það verði varla gert nema að auka tekjutengingu. „Auðvitað viljum við finna leiðir til þess að þeir sem engar aðrar tekjur hafa fái hækkan á sinni framfærslu,“ segir hún. ghs@frettabladid.is



GUANTANAMO Fangabúðirnar í Guantanamo-flóa hafa verið gríðarlega umdeildar víða um heim.

Pyntingar í Guantanamo: Spánverjar íhuga ákærur

SPÁNN, AP Spænskir dómstólar íhuga að ákæra sex fyrrverandi embættismenn í Bandaríkjunum fyrir að hafa lagt fram skjöl sem áttu að réttlæta pyntingarnar sem eru sagðar hafa átt sér stað í Guantanamo-fangabúðunum.

Það voru lögfræðingar á sviði mannréttindamála sem ákærðu mennina, sem störfuðu allir fyrir Bandaríkjustjórn. Á meðal þeirra er fyrrverandi starfsmaður varnarmálaráðuneytisins, Douglas Feith, sem hefur vísað ákær-unum á bug.

Spænskir dómstólar geta dæmt menn fyrir lögbrot á borð við pyntingar og stríðsglæpi þótt framin hafi verið í öðrum löndum. - fb

BLÖNDUÓS

Formaður afþakkar þóknun

Valdimar Guðmannsson, formaður bæjarráðs á Blönduósi, afsalar sér greiðslu fyrir formennskuna og vill hér eftir aðeins venjuleg laun bæjarfulltrúa. „Ég tek þessa ákvörðun í ljósi þess að undanfarna mánuði hafa mörg fyrirtæki og stofnanir ásamt sveitarfélögum þurft að grípa til aðhalds og niðurskurðar, meðal annars með lækkun launa starfsfólks,“ segir Valdimar í bókun.

Atkvæðin eru okkar vopn!

Jóhanna, nú hefur þú tækifæri til að standa við orð þín um að velferð aldraðra gangi fyrir. Það er líka spilling í lífeyrissjóðakerfinu, þar þarf að taka til.

Halgi Vilhjálms

islenskur ríkisborgari

Við viljum endurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu strax. Yfir 16.000 manns hafa þegar skrifað undir, stefnum á 25.000. Lífeyrissjóðirnir eru okkar eign!

www.okkarsjodir.is

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeisdóttir
Veðurfréttamaður

STORMUR NORÐAN- OG AUSTANLANDS

Það verður ekkert ferðaveður á Norður- og Austurlandi í dag en búist er við norðvestan hvas-viðri eða stormi og talsverðri ofankomu fram eftir deginum. Síðdegis mun taka að lægja smám saman og draga úr ofankomu.

Á MORGUN
Norðaustan eða austan, 8-13 m/s, hvasast NV-til. Hægast austan til.



HEIMURINN

Alicante	14°
Basel	11°
Berlín	12°
Billund	8°
Eindhoven	10°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	6°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	18°
London	11°
Mallorca	16°
New York	13°
Orlando	26°
Ósló	2°
París	12°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Ódýrt

... auðvitað í
Nettó!

ÝSUBITAR 1kg
898 kr/kg

frábært
verð!



ÝSA Í RASPI, FORSTEIKT
1.298 kr/kg

ÓDÝRT

NAPOLINA PIZZABOTNAR
2x150g

279 kr/pk.
~~399~~ kr/pk.

30%
afsláttur



30%
afsláttur



NAPOLINA PIZZASÓSA 300g

181 kr/ds.
~~259~~ kr/ds.

X-TRA FRANSKAR KARTÖFLUR
1kg

257 kr/pk.
~~389~~ kr/pk.



34%
afsláttur

RYVITA HRÖKKBRAUÐ 250g
ORIGINAL, DARK RYE EÐA SESAM

149 kr/pk.
~~199~~ kr/pk.

25%
afsláttur



30%
afsláttur



LAVAZZA QUALITA ROSSA 250g

349 kr/pk.
~~499~~ kr/pk.

NÁTTÚRA APPELSÍNU-, EPLA- EÐA
ACE SAFI 1l

99 kr/stk.
~~136~~ kr/stk.



Birt með fyrirvara um þæntvilur.

www.markhonnun.is



Ný verslun
í Hverafold

TILBOÐIN GILDA TIL 2. APRÍL EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

netto
SPARNADUR

KJÖRKASSINN



Á að banna nektardans með lögum?

Já	44,3%
Nei	55,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð/ánægður með nýjan formann Sjálfstæðisflokksins?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Rektor HÍ segir niðurstöður könnunar Stúdentaráðs um atvinnuhorfur nemenda sláandi:

Ákvörðun um sumarannir í vikulokin

MENNTUN „Það er vinna í gangi á öllum fræðasviðum og niðurstöður varðandi það hvað við getum boðið stúdentum upp á í sumar ættu að liggja fyrir í lok þessarar viku,“ segir Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands (HÍ). Samkvæmt könnun Stúdentaráðs HÍ gætu þúsundir háskólanema verið án atvinnu í sumar.

Könnun ráðsins var send til allra háskólanema landsins. Hildur Björnsdóttir, formaður ráðsins, segir marga stúdenta orðna örvæntingarfulla. „Könnunin sýndi meðal annars að 75 prósent þeirra sem svöruðu eru vonlitlir um að fá vinnu í sumar. Það hlýtur að vera

óþyrara að setja upp sumarannir fyrir þetta fólk en að það fari allt á atvinnuleysisbætur eða eitthvað slíkt. Við ætlum ekki að gefast upp fyrr en við fáum þessu framgengt.“

Kristín Ingólfssdóttir segir niðurstöður könnunarinnar vissulega áhyggjuefni, enda séu tölurnar sláandi. „Þetta er gríðarlega mikil breyting frá því sem hefur verið. Við viljum gera allt sem við getum til að koma til móts við þetta fólk, en við erum mjög aðþrengd fjárhagslega,“ segir Kristín. Hún bætir við að fjöldi nemenda hafi aukist gríðarlega undanfarið um leið og fjárveitingar til skólans hafi lækk-



HILDUR BJÖRNSDÓTTIR

KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR



HÁSKÓLATORG Samkvæmt könnun Stúdentaráðs gætu þúsundir háskólanema verið án atvinnu í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að mikið. Jóhanna Gunnarsdóttir, ráðgjafi hjá Lánasjóði Íslenskra námsmanna (LÍN), segir starfsfólki berast margar fyrirspurnir um sumarlán þessa dagana. Farið verður yfir formlegar umsóknir

þess efnis í lok apríl. „Okkur sýnist að margir stefni á nám í sumar. Það segir sig eiginlega sjálft þegar atvinnuleysi og slíkt er tekið inn í myndina,“ segir Jóhanna.

kjartan@frettabladid.is

20 ÁRA STARFSAFMÆLI

ALLIR FISKRETTIR

990 KR/KG

ÝSA Í RASPL, MARINERADAR FISKSTEIKUR OG ALLIR FISKRETTIR.

Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavinum í gegnum árin

Tilboðið gildir út alla vikuna

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Samið verði við ESB eins fljótt og hægt er

Formaður Samfylkingarinnar segir reynsluna af krönnunni slæma og ítrekar mikilvægi þess að taka upp evru. Hún segir efnahagsvandann viðráðanlegan og að aðgerðir ríkisstjórnarinnar undanfarið dugi til að bregðast við vanda flestra.

STJÓRN MÁL „Við viljum sambærileg kjör fyrir Íslenskan almenning og þar sem best gerist í Evrópu. Besta leiðin að þessu markmiði er að leita samninga við Evrópusambandið um fulla aðild og upptöku evru eins fljótt og kostur er.“

Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, við lok landsfundar flokksins í gær.

Jóhanna sagði mikilvægt að evran verði framtíðargjaldmiðill enda hafi reynslan af íslensku krönnunni ekki verið góð. Þá auðveldi Evrópusambandsaðild afnám verðtryggingar. Helsta verkefnið á næstu misserum sé þó að styrkja og koma á stöðugleika krönnunnar. En um leið þurfi að gefa umheiminum til kynna á hvaða leið Íslendingar eru. Það eitt og sér muni hjálpa til við endurreisn efnahags- og atvinnulífsins.

Jóhanna sagði vanda heimilanna mikinn en þó viðráðanlegan. Rakti hún aðgerðir ríkisstjórnarinnar og sagði þær duga til að bregðast við vanda langflestna. Þá varaði hún við tillögum um flatan niðurskurð skulda og sagði Samfylkinguna ekki munu blekkja þjóðina með talsýn og óábyrgum tillögum í þeim efnunum.

Jóhanna sagði að taka þyrfti til í ríkisfjármálunum og sýna aðhald og forgangsröðun sem byggði á réttlæti og velferð fyrir alla en ekki suma. „Skattahækkningar munu ekki leysa vandann,“ sagði hún og kvað nauðsynlegt að draga úr útgjöldum eins og mögulegt væri.

Í stjórn málaályktun Samfylkingarinnar er lögð áhersla á að



JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR „Það er best fyrir íslenskt samfélag nú í uppbyggingarstarfinu að Sjálfstæðisflokkurinn, sem stjórnað hefur hér í átján ár með þeim afleiðingum sem nú blasa við, verði áfram á stjórnarandstöðubekknunum að loknum næstu kosningum,“ sagði nýr formaður Samfylkingarinnar við lok landsfundar flokksins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

jafnaðarstefnan verði leiðarljós við efnahagsstjórn næstu ára. Fyllsta réttlæti verði gætt við uppbyggingu efnahagskerfisins. Hagsmunum Íslendinga eftir kosningar verði best borgið með félagshyggjustjórn sem sækir um aðild að ESB og leggi samning í dóm þjóðarinnar. Í aðildarviðræðum verði grundvallarhagsmunir atvinnuveganna, sérstaklega sjávarútvegs og landbúnaðar, tryggðir og vörður staðinn um náttúruauðlindir. Áréttað er mik-

ilvægi þess að festa í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum og áhersla lögð á að Alþingi leysi þann eignarhaldsvanda sem frjálst framsal aflaheimilda hefur skapað.

Einnig segir í ályktuninni að tryggja þurfi að rekstrarhæf fyrirtæki fái nauðsynlegt fjármagn til rekstrar. Taka þurfi með gagnsæjum hætti á skuldamálu fyrirtækja og tryggja jafnræði í meðferð sambærilegra mála.

bjorn@frettabladid.is

BETRA START MEÐ EXIDE-RAFGEYMMUM

Eigum fyrirbyggjandi mikið úrval rafgeyma frá Exide, ýmsar stærðir og gerðir fyrir bíla, báta og önnur tæki. Gæðaframleiðsla sem reynst hefur afar vel við íslenskar aðstæður.



15% afsláttur



EXIDE

Upplýsingar í síma 515 1100
Sendið pantanir á pontun@olis.is

THULE SWEDEN

Skiðabogar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Nýtt fólk var kjorið í helstu embætti Samfylkingarinnar á landsfundinum:

Jóhanna og Dagur í forystu

STJÓRN MÁL Nýtt fólk var valið til forystu í Samfylkingunni á landsfundi flokksins um helgina. Jóhanna Sigurðardóttir, sem ein sóttist eftir formennsku, hlaut 97 prósent atkvæða í formannskjöriinu á laugardag.

Tók hún við embættinu af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sem var formaður í fjögur ár, og sagðist við það tilefni ekki vera formaður til bráðabirgða heldur til framtíðar.

Kosið var á milli Árna Páls Árnasonar þingmanns og Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa í embætti varaformanns. Hlaut Dagur tæp 66 prósent atkvæða en Árni Páll tæp 34 prósent. Tekur Dagur við af Ágústi Ólafi Ágústssyni sem sóttist ekki eftir endurkjöri. Árni Páll tók úrslitunum vel og sagði að ef hann hefði ekki sjálfur verið í framboði hefði hann greitt Degi atkvæði sitt.

Margrét Björnsdóttir hafði betur í kosningu milli hennar og Ara Skúlasonar í embætti formanns framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar og Margrét Sverrisdóttir varð efst í kjöri til framkvæmdastjórnar. Þá var Helena Karlsdóttir kjörin ritari og Magnús Norðdahl gjaldkeri flokksins.

- bps



DAGUR OG JÓHANNA Ný forysta Samfylkingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



SÍÐUSTU NÁMSKEIÐ Á VORÖNN AÐ HEFJAST

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar og bæklinga. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag:

- » Photoshop
- » Illustrator
- » InDesign




Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF) Kennsla byggir á fyrirlesturum og verklegum æfingum og fá þátttakendur hagnýtt verkefni í tengslum við innihaldnáms.

• Hefst 31. mars og lýkur 28. maí. (Fá sæti laus)

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18-21:30 og annan hvern laugardag kl 9 - 12:30 (Páskafrí 5. til 14. apríl)

Lengd: 105 std. Verð kr. 116.000,- Allar kennslubækur innifaldar.



Almenn námskeið

»Almennt tölvunám.

Hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

- Windows - Word - Excel - Internet og Outlook

Hefst 20. apríl og lýkur 20. maí.

Kennt er mán & mið. Morgun og kvöldhópar.
Lengd 53 std. Verð kr. 44.900,-



Möguleikar fyrir atvinnulausa!

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á nokkur námskeið sem haldin eru í skólanum á vegum Vinnumálastofnunar. Eru þessi námskeið atvinnulausum að kostnaðarlausu að uppfylltum skilyrðum Vinnumálastofnunar, fer skráning fram hjá ráðgjöfum stofnunarinnar. Jafnframt niðurgreiðir Vinnumálastofnun námskeið um allt að 50% skv. nánari reglum þar um en styrkuppþæð getur þó ekki orðið hærra en 70 þús. Kynntu þér málið nánar hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar.

Flest stéttarfélag styrkja auk þess félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt þinn hjá þínu stéttarfélagi.

Eldri borgarar 60+



»Grunnnámskeið

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.

Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.

- Hefst 16. apríl. og lýkur 12. maí.

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- (kennslubók innifalin)

»Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

- Hefst 15. apríl. og lýkur 6. maí.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,-

»Stafrænar myndavélar 60+

Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.

- Námskeið 1: Hefst 20. apríl og lýkur 29. apríl. (mán & mið kl. 13-16)

- Námskeið 2: Hefst 11. maí og lýkur 20. maí (mán & mið kl. 13-16)

Lengd námskeiðs 18 kennslustd. Verð kr. 15.000,- (Kennsluhefti innifalið)



Stök forrit	St.fj	Hefst	Verð
Excel grunnur	21	2. apríl	24.000,-
Excel grunnur	21	4. maí	24.000,-
Excel frh.	14	30. apríl	24.000,-
Illustrator	37	23. apr	44.000,-
Photoshop	37	31. mars	44.000,-
Navision fjárhagsbókhalda	42	24. apríl	49.000,-
Word ritvinnsla	21	20. apríl	24.000,-
Stafrænar myndavélar	14	28. apríl	15.000,-
Outlook	10	18. maí	15.000,-
Photoshop ljósmyndun	30	28. apríl	29.000,-
Vefsíðugerð frh	31	20. apríl	32.000,-



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir seðlabankastjórninn?
2. Í hvaða kaupstað á Vestfjörðum hefur veitingamaður endurheimt pókerborð frá lögreglunni?
3. Hvaða íbúi í Ölfusi varð eitt hundrað ára í síðustu viku?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

„Skrímslið frá Mariquita“: Átti börn með dóttur sinni

KÓLUMBÍA, AP Kólumbískur maður er sakaður um að hafa haldið dóttur sinni fanginni og eignast með henni ellefu börn. Réttarhöld standa nú yfir honum og hefur málið vakið mikinn óhug í Kólumbíu. Þykir því svipa mjög til máls austurríska níðingsins Josephs Fritzl.

Maðurinn, sem er 59 ára, heitir Arcedio Alvarez og hefur hann þegar fengið viðurnefnið „Skrímslið frá Mariquita“. Hann er sagður hafa misnotað dóttur sína, sem nú er á fertugsaldri, síðan hún var níu ára gömul.

Maðurinn neitar því að hafa nauðgað henni og framið sífjalspell, enda sé hún ættleidd.

Að sögn dótturinnar var hún fimm ára þegar móðir hennar féll frá. Eftir það bjó hún ein með Alvarez. Konan segist alla tíð hafa litið á hann sem föður sinn.

- fb

Skattahækkunar óráð í endurreisnarstarfinu

Nýr formaður Sjálfstæðisflokksins segir hreinskiptnar umræður á landsfundi hafa styrkt flokkinn. Sameiginlegt verkefni sjálfstæðismanna sé að endurheimta það traust sem flokkurinn hafi jafnan notið meðal landsmanna.

STJÓRN MÁL Bjarni Benediktsson, nýr formaður Sjálfstæðisflokksins, segir skattahækkunar óráð ekki lausn á efnahagsvandamáli þjóðarinnar. Kosningabaráttan framundan snúist um hvernig þeim verði hjálpað sem standi illa. Aðrir flokkar hafi reynt að slá eign sinni á hugtakið velferð en hafi í því sambandi iðulega verið efst í huga að auka útgjöld ríkisins. Hjól atvinnulífsins verði að komast á hreyfingu en það gerist ekki með því að seilast sífellt dýpra í vasa fyrirtækjanna.

Bjarni ræddi um glatað traust Sjálfstæðisflokksins og sagði það sameiginlegt verkefni fundarmanna og annarra sjálfstæðismanna að endurheimta traustið sem flokkurinn hefði alltaf notið meðal landsmanna.

Hann kvaðst stoltur af hispurslausum umræðum á landsfundinum; Sjálfstæðisflokkurinn hefði farið í rækilega naflaskoðun. Hún hefði ekki verið sársaukalaus, ágreiningur væri uppi um mál en ekkert væri gert til að fela ágreining. Styrkur flokksins gerði þetta kleift og við umræðurnar nú stæði flokkurinn enn sterkari.

Í stjórn málaályktun landsfundarins segir að ríkisútgjöld verði að dragast saman og nýta þurfi fjármuni hins opinbera eins vel og frekast er unnt um leið og standa þurfi sérstakan vörð um hag öryrkja, eldri borgara og fjölskyldna.

Til að tryggja að til verði allt að tuttugu þúsund ný störf þurfi meðal annars að afnema hið fyrsta höft á



FORMANNSSKIPTI Geir H. Haarde afhenti Bjarna Benediktssyni lyklavöldin að Valhöll um leið og hann óskaði arftaka sínum til hamingju með kjörið á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í Laugardalshöll síðdegis í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

gjalddeyrivíðskipti, hafna öllum nýjum sköttum og skapa sátt um nýtingu auðlinda. Hefja beri þegar uppbyggingu orkufrekra atvinnugreina svo sem gagnavera, álvera og annarra hátæknifyrirtækja.

Þá beri að stefna að því að í boði verði óverðtryggt lán og veittir möguleikar á að breyta verðtryggtum lánum í óverðtryggt þegar verðbólga og vextir leyfi.

Hugmyndum núverandi ríkisstjórnar um há- og millitekjuskatt er hafnað en stefna beri að því að stýrivextir verði 5-6 prósent undir árslok.

Í stjórn málaályktun sinni ítrekar Sjálfstæðisflokkurinn það mat sitt að við núverandi aðstæður sé hagsmunum þjóðarinnar best borgið utan Evrópusambandsins.

bjorn@frettabladid.is



GEIR HAARDE Hann sagði Davíð hafa vegið með ómaklegum hætti að Endurreisnarnefnd flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Geir um ummæli Davíðs: Ómakleg og óverðskulduð

STJÓRN MÁL Geir Haarde, fráfarandi formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í ræðu á landsfundi flokksins í gær að ummæli Davíðs Oddssonar í garð Endurreisnarnefndar flokksins og formanns hennar væri ómakleg og óverðskulduð.

Davíð Oddsson sagði í ræðu sinni á fundinum á laugardag að skýrsla Endurreisnarnefndarinnar væri hrákasmíð og hann sæi eftir þeim trjágróðri sem notaður var í að prenta skýrsluna. Einnig sagði hann skjóta skökku við að sá sem ætti að semja síðareglur fyrir Sjálfstæðisflokkinn væri sami maður og var ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins af Jóni Ásgeiri, Hreiðari Má og Hannesi Smárasyni. Þar átti Davíð við Vilhjálm Egilsson, formann nefndarinnar.

- kg

LÖGREGLUFRETTIR

Fíkniefni á Akureyri

Þrjú fíkniefnamál komu upp hjá lögreglunni á Akureyri á föstudag. Meðal annars var lagt hald á tæp þrjátíu grömm af amfetamíni, nokkuð af sterum og níu kannabispöntur. Öll málin teljast upplýst.

LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

Við vinnum með þér að lausnum fyrir heimilið

Landsbankinn býður upp á mörg úrræði fyrir heimili sem eiga við greiðsluferfiðleika að etja. Við aðstoðum þig við að velja lausn sem kemur til móts við þínar þarfir.

**GREIÐSLUJÖFNUN
VERÐTRYGGÐRA ÍBÚÐALÁNA**

Þeir viðskiptavinir Landsbankans sem eru með verðtryggt lán með veði í íbúðarhúsnæði geta óskað eftir greiðslujöfnun lánanna, sér að kostnaðarlausu, telji þeir það þjóna hagsmunum sínum. Umsókn er að finna í Einkabanka Landsbankans.

**GREIÐSLUJÖFNUN
ERLENDRA ÍBÚÐALÁNA**

Viðskiptavinir Landsbankans sem eru með gengistryggt lán með veði í íbúðarhúsnæði geta óskað eftir greiðslujöfnun lánanna, telji þeir það þjóna hagsmunum sínum. Hægt er að nálgast umsókn í Einkabanka Landsbankans.

**FRESTUN GREIÐSLU
AFBORGANA OG VAXTA**

Mögulegt er að fresta afborgunum og greiðslu vaxta íbúða- og fasteignalána með veði í 12 mánuði. Engar greiðslur eiga sér þá stað á tímabilinu. Sé lán í vanskilum þarf að skoða möguleika á að skuldbreyta vanskilum. Höfuðstóll fer hækkandi á frestunartímabilinu.

410 4000 | landsbankinn.is



Á SKESSUHORNI Björgunarstarfsmenn komu fólkinu til bjargar eftir að það hafði beðið í fimm klukkustundir í miklum kulda.

Toppfarar komust í hann krappan á Skessuhorni:

Skiptust á að halda hita á slasaðri konu

ÚTIVIST Bárá Ketilsdóttir er þjálfari fjallaklúbbsins Toppfara sem komst í hann krappan á Skessuhorni á laugardag. Hún segir hinn tólf manna hóp oft hafa lent í verri aðstæðum en þeim sem voru á fjallinu þennan dag.

Hópurinn bað um aðstoð þegar kona úr hópnum rann niður 200 metra og slasaðist. Konan er á batavegi og losnaði af gjörgæslu í gær.

Veður var afleitt á svæðinu, auk þess sem snjóflóðahætta var töluverð. Jón Gauti Jónsson fjallaleiðsögumaður fór með hópnum upp á fjallið og því voru þau í góðum höndum að mati Bárú. „Við erum að ganga allt árið um kring við allar aðstæður. Við höfum oft verið í miklu erfiðari aðstæðum heldur en þarna,“ segir hún. Eftir að kallað var á björgunar-sveitir gróf hópurinn sig í fönn, hélt hita á konunni sem slasaðist og mokaði sjó með fjórum skóflum sem hann hafði meðferðis. Um fimm klukkustundir liðu þangað til hjálpin barst. „Þarna var líklega tíu stiga frost. Við bjuggum til stórt snjóhús og skiptumst á að

halda henni heitri. Við pökkuðum henni vel inn og lágum sitt hvoru megin við hana. Aðrir voru að moka á meðan og aðrir að fá sér að borða,“ segir Bárá. „Mér finnst það standa upp úr sem algjört þrekvirki að þessi hópur skyldi geta gert þetta. Bæði haldið henni heitri og í stöðugu ástandi og sjálfum sér klukkustundum saman í brattri hlíð í svona mikilli hæð og í þessu veðri.“

Bárá segist aldrei hafa verið hrædd um að finnast ekki. „Allir útivistarmenn og menn sem eru í björgunarsveitinni þekkja þetta svæði eins og lófann á sér. Þetta fer náttúrulega í reynslubankann. Við erum búin að margfara yfir þetta og það var ekki á neinn hátt eitthvað sem var rangt gert. Ísland er svona land með þetta veður og þennan snjó stóran hluta af árinu. Ef þú ætlar að ganga upp á fjöll eru þetta aðstæðurnar sem þú ert í.“

Klúbburinn Toppfarar hefur verið starfandi í tvö ár og gengur á fjöll allt árið um kring hvern einasta þriðjudag. Alls hefur klúbburinn klifið tæplega sextíu fjöll. - 6



Töfrar Andalúsíu
26. apríl - 3. maí 4 sæti laus

GLÆSILEGAR SÉRFERÐIR

Ævintýri og
ógleymanlegar minningar!

Sérferðir Heimsferða í sumar hafa fengið frábærar viðtökur eins og fyrri ár, enda hefur framboðið sjaldan verið glæsilegra. Sætin eru óðum að fyllast í margar ferðanna, en þó eru enn sæti laus í fjölmargar spennandi ferðir sem bjóða ævintýri, upplifanir og ógleymanlegar minningar.

Tryggðu þér strax sæti
í frábæra sérferð!

Töfrar Andalúsíu 26. apríl - 3. maí 4 sæti laus

Rapallo – Ítalska rivieran 15.-22. júní

Alpaævintýri í Seefeld 9.-16. júlí

Gardavatn 27. júlí - 3. ágúst

Náttúruperla í Austurríki 13.-20. ágúst **UPPSELT**

Í hjarta Toskana 24.-31. ágúst

Tyrkland Sól – saga – menning 12.-26. sept. 6 sæti laus

Ævintýri í Marrakesh – Marokkó 22.-30. september

GÖNGUFERÐIR

Ítalía – Cinque Terre 30. maí • 24. ágúst

Spánn – Pýreneafjöllin 12.-18. september

SIGLINGAR

Gersemar Miðjarðarhafsins 27. júní - 11. júlí.

Töfrar Miðjarðarhafsins 5.-12. júní • 18.-25. september

Vikusiglingar frá Kaupmannahöfn

- Norsku firðirnir
- Eystrasaltið



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is
í útibúinu þínu eða í síma 410 4000



Landsbankinn

FRESTUN VEGNA SÖLUTREGÐU

Viðskiptavinir sem hafa keypt fasteign, en ekki tekist að selja eign sem þeir áttu fyrir, geta óskað eftir að fresta greiðslu afborgana af höfuðstóli og vaxtagreiðslum af annari eigninni. Sama rétt eiga þeir sem eru að byggja.

SKULDBREYTING LÁNA

Viðskiptavinum stendur til boða að láta meta hvort mögulegt sé að skuldbreyta lánum sínum. Gefi matið jákvæða niðurstöðu er skodað að sameina skuldir í nýja fyrirgreiðslu eða lengja lánstíma. Sé um vanskil að ræða er þeim bætt við höfuðstól eða skuldbreytt með nýrri fyrirgreiðslu.

FRESTUN AFBORGANA ÍBÚÐALÁNA Í ERLENDRI MYNT

Mögulegt er að fresta afborgunum lána í erlendri mynt með veði í íbúðarhúsnæði í allt að 12 mánuði. Þá eru eingöngu greiddir vextir á tímabilinu. Sé lán í vanskilum þarf að skoda möguleika á að skuldbreyta vanskilum.

ENDURFJÁRMÖGNUN SKAMMTÍMALÁNA

Viðskiptavinir geta sótt um að skuldbreyta skammtímalánum, en möguleikar á skuldbreytingu eru þó háðir mati á greiðslugetu viðskiptavinar. Gefi mat jákvæða niðurstöðu er skodað að sameina skuldir í nýja fyrirgreiðslu eða lengja lánstíma.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ábyrgð á börnum og ungmennum má ekki bregðast.

Sá er hlífa skyldi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Ein helsta ástæða þess hversu vel einelti þreift lengi í skólum og á vinnustöðum er sú tilhneiging, ekki bara fjöldans heldur einnig þeirra sem með valdið fara, að leggjast á sveif með hinum sterkari í stað þess að snúast til varnar fyrir þann sem á undir högg að sækja.

Sem betur fer hefur orðið vakning á þessu sviði og í það minnsta má vona að einelti þrífist ekki með sama hætti og var bara fyrir fáeinum árum og að áfram muni úr því draga.

Þeir sem stjórna skólum og leikskólum eru sem betur fer allflestir vakandi fyrir því hlutverki sínu að standa vörð um þá einstaklinga sem þeim hefur verið trúað fyrir. Þó eru á þessu undantekningar sem birst hafa dæmi um síðustu vikur.

Á dögunum virtist leikskólastjóri í Reykjavík telja að hlutverk hans væri fremur að standa vörð um réttindi og kjör starfsmanns síns en barns, nemanda við leikskólann, sem þessi starfsmaður hafði slegið til, jafnvel oftar en einu sinni. Leikskólastjórinn fékk stuðning baklands síns, Leikskólasviðs borgarinnar. Það var ekki fyrr en málið komst á borð borgarstjórnans í Reykjavík að starfsmaðurinn var leystur frá störfum, að hagsmunir og öryggi leikskólabarnsins voru hafðir í fyrirrúmi en ekki kjaramál starfsmannsins brotlega.

Í framhaldsskóla á Suðurlandi var 16 ára piltur barinn af skólabræðrum sínum í upphafi árs. Sömu gerendur voru nýlega dæmdir fyrir líkamsárás á annan pilt. Ofbeldismennirnir tveir stunda enn nám við skólann. Enn er taumur hins sterkari dreginn og aftur fær skólastjórinn stuðning baklandsins, í þessu tilviki menntamálaráðuneytisins. Og það er ekki fyrr en málið er komið á borð ráðherrans sjálfs að skólastjórinn er hvattur til að endurskoða ákvörðun sína.

Í síðustu viku var framhaldsskólakennari dæmdur fyrir að hafa haft í förum sínum barnaklám. Eftir að dómur var fallinn mætti kennarinn til sinna starfa eins og ekkert hefði í skorist. Að vísu beindist ofbeldi sem kennarinn var dæmdur fyrir ekki að nemendum hans beint. Ljóst hlýtur þó að vera að aldrei á að bjóða tánungum upp á kennslu manns sem haldinn er barnagirnd. Því hefði maðurinn vitanlega átt að víkja úr starfi sínu um leið og rannsókn hófst.

Skilaboðin sem framannefndir skólastjórnendur senda nemendum sínum er að ofbeldi sé líðið innan skólans, að lítið sé á það sem tiltölulega léttvæga yfirsjón að leggja hendur á barn, að ganga í skrokk á unglíngi og horfa á klámfengnar myndir af börnum; að nemendurnir beri sjálfir ábyrgð á því að verjast ofbeldinu en skólinn gegni þar ekki hlutverki.

